

Niðurstöður foreldrakönnunar Barnabóls

Veturinn 2021 – 2022

Hjallastefnan framkvæmir reglubundið vðhorfskannanir meðal foreldra barna sem sækja skóla stefnunnar enda eru upplýsingar um viðhorf og upplifun foreldra á skólastarfinu afar mikilvægt leiðarljós í gæðastarfi Hjallastefnunnar.

Á skóla árinu 2021 – 2022 var könnunin framkvæmd 1. feb. 2022 – 1. mars 2022 og gáfu 19 foreldrar barna á Barnabóli sér tíma til þess að svara könnuninni og kunnnum við þeim bestu þakkir fyrir. Svarhlutfallið var 82,4% sem telst marktækt.

Helstu niðurstöður könnunarinnar voru eftir farandi:

- 100% foreldra voru ánægð með leikskólann
- 100% foreldra voru ánægð með stjórnun á leikskólanum
- 100% foreldra töldu ánægju barnsins í leikskólanum vera góða.

Námsumhverfi

Matsþættirnir vinnubrögð, félagsleg samskipti og þátttaka án aðgreiningar var skólanum gefin einkunnin 9,5 – 10

Foreldrar voru að lokum beðnir um að nefna þau atriði sem þeir töldu að betur mætti fara í skólastarfinu. Þau atriði sem helst voru nefnd var útisvæðið fólk vildi sjá breytingar þar, finnst tækin vera úrelt.

Einnig gafst tækifæri fyrir foreldra að nefna það sem jákvætt er í skólastarfinu. Flestir nefndu ánægju með Hjallastefnuna. Einnig kom fram að skólinn væri góður og vel hægt að mæla með honum. Framkoma og samskipti góð, mikil ánægja með fjölbreytileika og börnin ánægð. Einnig var nefnd mikil ánægja með starfsfólkið, gott upplýsingaflæði og góð samskipti við foreldra. Maturinn næringarríkur og aðkoman og móttakan á hverjum morgni mjög góð.